

Fimmtudaginn 10. ágúst 2000.

Nr. 306/2000. **Sýslumaðurinn í Kópavogi**

(Tryggvi Þórhallsson fulltrúi)

gegn

X

(Erlendur Gíslason hrl.)

Kærumál. Gæsluvarðhald, 2. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991.

Talið var að sterkur grunur væri kominn fram um að X hefði framið manndráp og þótti verknaður sá, sem X var grunaður um, vera þess eðlis að gæsluvarðhald væri nauðsynlegt með tilliti til almannahagsmuna. Var staðfest niðurstaða héraðsdóms um að X skyldi sæta gæsluvarðhaldi samkvæmt 2. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómaramarnir Hrafn Bragason, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Varnaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 4. ágúst 2000, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 8. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjaness 2. ágúst 2000, þar sem varnaraðila var gert að sæta áfram gæsluvarðhaldi allt til mánudagsins 2. október nk. kl. 16. Kæruheimild er í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Varnaraðili krefst þess aðallega að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi, en til vara að gæsluvarðhaldi verði markaður skemmri tími. Þá er krafist kærumálkostnaðar.

Sóknaraðili krefst þess að úrskurður héraðsdóms verði staðfestur.

Pegar litið er til gagna málsins er fallist á með sóknaraðila að fram sé kominn sterkur grunur um að varnaraðili hafi framið afbrot, sem varðað getur við 211. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, en brot á því ákvæði getur varðað allt að ævilöngu fangelsi. Sá verknaður, sem varnaraðili er grunaður um, þykir þess eðlis að ætla má að gæsluvarðhald sé nauðsynlegt með tilliti til almannahagsmuna. Með þessari athugasemd verður hinn kærði úrskurður staðfestur.

D ó m s o r ð :

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjaness 2. ágúst 2000.

Mál þetta var tekið til úrskurðar í dag á grundvelli kröfu sýslumannsins í Kópavogi um áframhaldandi gæsluvarðhald yfir X, kt. [...].

Þess er krafist að kærða verði gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til mánudagsins 2. október nk. kl. 16.00.

[...]

Eins og málið liggur nú fyrir að virtum rannsóknargögnum sem fyrir lágu í dóminum í dag þykir vera fyrir hendi sterkur grunur um að kærði hafi með hátt-semi sinni framið afbrot, sem varðað getur við 211. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, eða í það minnsta við 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga, en brot gegn báðum þessum ákvæðum getur leitt til 10 ára fangelsis eða meira. Kærði hefur sagt fyrir dómi aðspurður um hvað hann ætti við með þeim orðum sínum „en hann eigi sök á því að stúlkan féll fram af“ að hann viðurkenni að hafa hrint henni að svölunum og þannig hafa orðið valdur að slysi.

Telur dómariinn að skilyrði um nauðsyn þess að gæsluvarðhald sé beitt með tilliti til almannahagsmuna verði að teljast uppfyllt. Byggir dómari þessa skoðun sína á því að kærði hefur viðurkennt fyrir dómi að hafa orðið valdur að slysi sem bani hlaust af með því að hrinda hinni látnu og sé óhjákvæmilegt að líta á slíkt atferli sem a.m.k. lífamsárás sem leiði til bana. Í ljósi þessarar viðurkenningar telur dómari að hinar ströngu sönnunarkröfur sem beita verður svo fallast megi á framlengingu gæsluvarðhalds á grundvelli 2. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 séu uppfylltar og því rétt að fallast á kröfu rannsókna um framlengingu gæsluvarðhalds yfir til mánudagsins 2. október nk. kl. 16.00, en þó eigi lengur en til þess að dómur gengur í máli hans, sbr. 106. gr. laga um meðferð opinberra mála.

Dómari leggur á það áherslu að rannsóknari hraði rannsókn málsins svo sem frekast er unnt.

Úrskurð þennan kveður upp Sveinn Sigurkarlsson héraðsdómari.

Ú r s k u r ð a r o r ð :

Kærði, X, sæti áframhaldandi gæsluvarðhaldi til mánudagsins 2. október nk. kl. 16.00, en þó aldrei lengur en þar til dómur gengur í máli hans.